ARÐSKRÁ

fyrir Veiðifélag Gufuár.

Jörð	**Einingar**
Beigaldi	18
Birkiból	32
Brennistaðir	34
Eskiholt I	32
Eskiholt II	32
Gufuá	64
Holt	1
Krummshólar	225
Laxholt	94
Litla Fjall	3
Staðarhús	24
Valbjarnarvellir I	48
Valbjarnarvellir II	47
Ölvaldsstaðir I	34
Ölvaldsstaðir III	62
Ölvaldsstaðir IV	250
Samtals einingar	*1000*

Samkvæmt ákvæðum 52. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum, staðfestist hér með, til þess að öðlast þegar gildi og til eftirbreytni þeim sem hlut eiga að máli, ofangreind arðskrá Veiðifélags Gufuár.

Landbúnaðarráðuneytinu, 15. júní 2005.

F. h. r.
Ólafur Friðriksson.

Atli Már Ingólfsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 822/2004 um gerð og búnað ökutækja.

1. gr.

Á eftir grein 01.104 reglugerðarinnar kemur ný grein, 01.105, sem verður þannig orðuð:

01.105 Námuökutæki.

(1) Ökutæki sem er vörubifreið eða eftirvagn sem getur verið hannað stærra en hámarksgildi í reglugerð þessari segja til um og ætlað er til efnisflutninga utan vega og innan afmarkaðra vinnusvæða.

2. gr.

Grein 01.206 reglugerðarinnar fellur brott.